

**Tilmæli 15/2016**

Fyrri númer:
A 1656/näring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Fylgiskjal/skjöl:
Nefndarálit um
þingmannatillögu um aukna
og sjálfbæra ferðaþjónustu á
Norðurlöndum

Málsnúmer: 15-00208-14

Aukin og sjálfbær ferðaþjónusta á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hefja kortlagningu til mats á virðisauka af auknu kerfisbundnu norrænu samstarfi í ferðamálum, sem byggir á fyrri reynslu og traustum framtíðarspám;

að leggja fram tillögu að heildstæðri áætlun um heildrænt samstarf til lengri tíma í ferðamálum á Norðurlöndum;

að taka mið af mismunandi sjálfbærni- og gæðamerkingum sem eru til staðar á Norðurlöndunum í dag, og leitast við að ná samstöðu um sameiginlegar merkingar til að auðvelda rekstrar- aðilum og gestum að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um sjálfbærni/gæði og framleiðslu/neyslu ferðaþjónustu með hliðsjón af Norðurlöndunum öllum;

að veita þróunarfjármagni til að styðja við nýtt norrænt samstarf með tilliti til bæði markaðssetningar og framsetningar sam- burðarhæfra tölulegra upplýsinga, sem og skipulagningar innviða til norrænna áfangastaða með meiru. Í því getur líka falist stuðningur við samræmingu, en einnig við aðgerðir sem eru sniðnar að litlum rekstraraðilum/áfangastöðum til þess að þeir geti gert þjónustu/áfangastaði sína sýnilega fyrir vaxandi fjölda gesta;

að eiga frumkvæði að samstarfi einkarekinna áfangastaða til þess að þeir hefji samstarf til að geta boðið gestum ánægjulega og lærdómsríka upplifun frá Norðurlöndum, til dæmis norræna ferðapakka um ákveðin þemu.

Kaupmannahöfn, 10. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen
Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 15/2016

Fyrri númer:
A 1656/näring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Fylgiskjal/skjöl:
Nefndarálit um
þingmannatillögu um aukna
og sjálfbæra ferðaþjónustu á
Norðurlöndum

Málsnúmer: 15-00208-14